



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 18. apríl 2023

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: þri.18.04.2023 kl. 14:00

Mætt: Íris, Ragnar, Sunna, Anna, Áróra, Alexandra, Sirrý. Fjarverandi: Olga,

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fundur og fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Meirihluti stjórnar var mættur og telst því lögmætur.

2. Aðalfundarstörf, starfsemi félagsins og önnur mál

Aðalfundur er í næstu viku. Til endurkjörs eru Íris, Anna Sigríður, og eftir er að fá staðfest hvort Olga bjóði sig aftur fram, en Ragnar, Sunna, Alexandra og Sirrý sitja áfram eitt ár til viðbótar eftir kosningu á seinasta ári. Ragnar tók við stjórnarformennsku 2019, og hefur því nú lokið fjórða ár sem stjórnarformaður, en skv. lögum samþykktum 2020 skal formaður ekki sitja lengur en 4 ár.

Tillögur til framboðs í stjórn á aðalfundi voru ræddar, sem og tillögur að lagabreytingum. Send verður greinargerð með fundarboði til aðalfundar þar sem lagabreytingar eru rökstuddar. Skýrsla stjórnar liggur fyrir og verður hún send með. Ragnar fór yfir starfsáætlun stjórnar um rekstur og starfsemi stjórnarinnar.

Kynnt verður á aðalfundi að búið er að opna fyrir tilnefningar til Grænu skóflunnar.

Skrifstofuhúsnæði Grænnar byggðar þarf að rýmast fyrir mánaðarmót apríl/maí og þarf að koma ákveðnum hlutum fyrir í vörslu eða selja.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16.20. Næsti stjórnarfundur verður boðaður eftir aðalfund.